

6. júní 2024

Nefndasvið Alþingis

b.t. efnahags- og viðskiptanefndar

Tjarnargötu 9,

101 Reykjavík

Efni: Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, 1130. mál.

Undirrituð eiga og reka Gistiheimili í Grindavík sem er búið að vera loka síðan í 10. Nóv, Um er að ræða fjölskyldufyrirtæki, með tæp 3 stöðugildi. Ljóst er að ekki er rekstragrundvöllur fyrir gistingu í Grindavík næstu misseri og því lítil von um að við getum eitthvað opnað næstu árin.

Þórkatla hefur nú þegar hafið uppkaup á fasteignum einstaklinga. Fyrirtækið okkar á fasteign sem er brunatryggð samkvæmt lögum 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu. Engin munur er því á tryggingum íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis og því óásættanlegt að atvinnuhúsnæði sé tekið út fyrir sviga í lögum um uppkaup fasteigna í Grindavík.

Þessar aðgerðir sem boðaðar eru í frumvarpinu er til þess gerðar að fyrirtækjum eins og okkar blæðir út hægt og rólega.

Því er það beiðni okkar að ríkið kaupi upp atvinnuhúsnæði lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem ekki hafa bolmagn til að starfa undir þessum kringumstæðum.

Undirrituð óska þess að lagafrumvarpið verði endurskoðað og unnin verði að langtímaúrræði (uppkaupum á fasteignum) fyrir þau fyrirtæki sem ekki geta starfað í Grindavík um fyrirsjáanlega framtíð.

Virðingarfyllt

f.h. Gistihús Grindavík ehf

Dagmar Valsdóttir

Hjalti Jón Pálsson